

Kjarasamningur
milli
Samtaka atvinnulífsins vegna Elkem Ísland ehf. annars vegar
og
Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarféлага,
Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Vesturlands og VR hins vegar.

1. gr.

Samningstími

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. janúar 2017 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Launaákvæði

Frá gildistöku samnings þessa, þann 1. janúar 2014, verða grunnlaun eftirfarandi:

Launataxtar	Grunnlaun
Ofngæslumenn	227.488
Verkamenn í ofnhúsi (dagmenn)	243.028
Iðnaðarmenn með 2 ára iðnnám	245.278
Iðnaðarmenn með 4 ára iðnnám	272.850
Skrifstofumenn II	223.412
Skrifstofumenn I	240.221
Fulltrúar á skrifstofu	255.584

Ofangreind launatafla tekur mið af niðurfellingu kísiljárnbónuss.

Hinn 1. janúar 2015 og 1. janúar 2016 hækka laun sem hér segir:

Grunnlaun taki þeirri almennu hlutfallshækkun launa sem samið verður um vegna áranna 2016 og 2017 í aðalkjarasamningum SA og þeirra félaga sem aðild eiga að samningi þessum. Miðað verður við meðaltal hækkana þessara samninga, vegið m.v. fjölda starfsmanna Elkem í hverju félagi í desember árið á undan. Uppgjör á grundvelli samninganna skal fara fram næstu mánaðamót eftir að samningar félaganna hafa verið samþykktir.

3. gr.

Með samningi þessum fellur kísiljárnbónus niður enda eru samningsaðilar sammála um að hann hafi náð markmiði sínu og niðurfelling hans eigi ekki að hafa áhrif á þann árangur sem hann hefur skilað. Í hans stað er tekinn upp nýr bónus, heildarnýtingarbónus, sem hefur það að markmiði að hvetja starfsmenn til að ná enn betri árangri í að auka hlutfall verðmeiri afurða í framleiðslunni og veita þeim hlutdeild í þeim ávinningi sem þannig verður til.

Frá 1. apríl 2014 orðist grein 3.19.1 svo:

Heildarnýtingarbónus

3.19.1 Markmiðið með heildarnýtingarbónus (PTY) er að auka hlutfall fullunninna söluafurða af kísilframleiðslu frá ofnum og þar með lækka hlutfall hliðarafurða sem

eru verðminni. Endurvinnsla hliðarafurða, t.d. endurbræðsla á málmleif, leiðir til hærri heildarnýtingar.

Heildarnýting er hlutfall framleiðslu af magni fullunninna sölufurða (án hliðarafurða) á móti framleiddu magni af fljótandi málm frá ofni. Viðmiðun er heildarframleiðsla verksmiðju (ofnar 1, 2 og 3) á fljótandi málm og heildarframleiðsla fullunninna sölufurða (án hliðarafurða). Nýtingin er reiknuð fyrir hvern almanaksmánuð. Allar magntölur sem notaðar eru við útreikning á heildarnýtingu eru ígildi kísiljárns (FeSi75) sem miðast við umreiknuð tonn með 75% innihaldi kísils (Si).

Við útreikning á heildarnýtingu fyrir bónus er miðað við hlaupandi meðaltal síðustu þriggja mánaða. Hvert 1% í heildarnýtingu umfram 82% gefur 0,2% í bónus. Miðað er við að mest sé hægt að ná 94% í heildarnýtingu, þá er hámarksbónus 2,4%.

Markmið fyrirtækisins og starfsmanna er að ná sem mestri nýtingu og þar með auka söluverðmæti afurða. Ef heildarnýtingarbónus á sex mánaða tímabili nær að meðaltali 80% af hámarksbónus mun hámarksbónus hækka í 3,0%. Hvert 1% í heildarnýtingu umfram 82% gefur þá 0,25% bónus. Tekið verður sex mánaða tímabilinu sem hefst 1. september 2014 og hafi markmið ekki náðst hefst nýtt sex mánaða tímabil á þriggja mánaða fresti eftir það. Hækkun bónussins gengur ekki til baka.

4. gr.

Inn komi ný grein um tjónabónus

Tjónabónus

Markmið tjónabónuss er að umbuna starfsmönnum fyrir þátttöku í lækkun tjónakostnaðar á tækjum og búnaði sem rekja má til starfsmanna. Undir tæki falla farartæki, vinnuvélar og kranar. Tjónakostnaður telst sá kostnaður sem Elkem verður fyrir vegna viðgerðar á tækjum og búnaði/munum/fasteign sem gera þarf við vegna tjóns að völdum tækja. Tjón sem verður vegna skorts á viðhaldi fellur hér ekki undir.

Miðað er við að hámarksárangur hafi náðst ef tjónakostnaður á sex mánaða tímabili fer niður í 3 milljónir króna. Náist það markmið greiðist hámarksbónus, kr. 60.000 og fyrir hverja milljón sem tjón fer yfir 3 milljónir lækkar hámarksbónus um kr. 6.000. Orlof er innifalið í tjónabónus.

Uppgjörstímabil tjónabónuss er janúar til júní og júlí til desember og fer uppgjör fram í febrúar og ágúst. Rétt á greiðslu eiga fastir starfsmenn Elkem sem unnið hafa a.m.k. 10 vikur samfellt á uppgjörstímabili. Greitt er hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall á tímabilinu.

Viðmið tjónakostnaðar, hámarksbónus og fjárhæð frádráttar breytist í 1. janúar ár hvert (fyrst 1. janúar 2016) miðað við breytingu launataxta ofngæslumanna, 50%, og vísitölu neysluverðs án húsnæðis, 50%, m.v. breytingu síðustu 12 mánaða.

Bónus þessi verður virkur frá 1. apríl 2014. Fyrsta uppgjörstímabil er frá 1. apríl til 31. desember 2014 og er hámarksbónus kr. 78.000 á því tímabili. Fyrir hverja milljón sem tjón fer umfram 4,5 milljónir lækkar bónusinn um kr. 6.000. Rétt á greiðslu eiga fastir starfsmenn Elkem sem unnið hafa a.m.k. 15 vikur samfellt á tímabilinu.

Elkem mun í samstarfi við trúnaðarmenn setja verklagsreglur um skráningu tjóna og meðferð ágreiningsmála.

5. gr.

Frá 1. janúar 2015 breytist viðmiðun í grein 3.13.1 og verður við eins árs texta iðnaðarmanns.

Reykjavík, 21. mars 2014

F.h. hlutaðeigandi verkalyðsfélaga

Vinjalinnur Bergur
Ólafur Haukur Ólafur
Guðmundur Jónsson
Ólafur Jónsson
Brynjólfur Samundsson
Eliás Kr. Þorsteinsson
Hilmar Hróðsson
Eliás Magnússon
Sigrún Elísa Ábertsdóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins

vegna Elkem Ísland ehf.

Þórunn Pálsdóttir
Sigrún Pálsdóttir

Bókun

Elkem mun í samstarfi við trúnaðarmenn fara yfir fyrirkomulag fæðismála ofngæslumanna.

Bókun

Elkem mun í samstarfi við trúnaðarmenn fara í febrúar ár hvert yfir reynslu af bónusum og endurskoða mælikvarða ef það er talið nauðsynlegt svo þeir nái markmiði sínu.

Bókun

Við fylgiskjal 1 bætist nýr málslíður sem orðist svo: Elkem skuldbindur sig til að nýta a.m.k. 24 stundir. Gangi það ekki eftir ber að veita starfsmanni frí vegna þeirra tíma sem upp á vantar.

